



Reykjavík 17. september 2021

Gjaldeyrisskiptabjónusta án skráningar

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf í júlí 2020 skoðun á starfsemi Háspennu ehf. í þeim tilgangi að kanna hvort í henni gæti falist skráningarskyld gjaldeyrisskipti, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Niðurstöður lágu fyrir í júní 2021.

Samkvæmt 8. tölulið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 140/2018 er gjaldeyrisskiptastöð starfsemi þar sem í atvinnuskyni fer fram kaup og sala innlands og erlends gjaldeyris. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laganna eru aðilar sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð skráningarskyldir hjá Fjármálaeftirlitinu nema að allir liðir undanþágu sem fram koma í i-lið 1. mgr. 2. gr. laganna séu uppfylltir, þ.e.

1. að gjaldeyrisskiptin séu hliðarstarfsemi sem tengist með beinum hætti meginstarfsemi aðilans og sé aðeins veitt viðskiptavinum aðilans,
2. að heildarvelta af gjaldeyrisskiptum nemi minna en 5 milljónum króna á ári, og
3. að gjaldeyrisskipti fyrir einstakan viðskiptavin fari ekki yfir 100 þúsund krónur, hvort sem er í einni færslu eða fleiri færslum sem virðast tengjast hver annarri.

Skoðun Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að Háspenna ehf. skipti erlendum gjaldmiðlum yfir í íslenskar krónur fyrir viðskiptavinum félagsins. Að mati Fjármálaeftirlitsins voru gjaldeyrisskiptin í nánnum tengslum við atvinnustarfsemi félagsins og því yrði að líta svo á að þau hafi verið í atvinnuskyni. Það að félagið innheimti ekki sérstaka þóknun, tæki ekki gengismun fyrir þjónustuna eða auðkenndi hana sérstaklega var því ekki talið hafa þýðingu í málinu. Þá gat félagið ekki sýnt fram á að framangreind skilyrði fyrir undanþágu frá skráningu væru uppfyllt.

Með hliðsjón af framangreindu komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Háspenna ehf. hafi stundað gjaldeyrisskipti í skilningi i-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka án skráningar. Þar sem félagið uppfyllti ekki skilyrði fyrir undanþágu frá skráningu bar félaginu að sækja um skráningu sem gjaldeyrisskiptastöð hjá Fjármálaeftirlitinu. Félagið braut því gegn 1. mgr. 35. gr. laganna með því að hafa stundað gjaldeyrisskipti án skráningar sem gjaldeyrisskiptastöð.

Félagið hefur þegar látið af hinni skráningarskyldu starfsemi.